

Nr. 20

22. nóvember 1999

AUGLÝSING

um gerð um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Hinn 22. nóvember 1999 var framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna gerðar um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar frá 9. október 1946 sem samþykkt var 19. júní 1997, sbr. auglýsingar í A-deild Stjórnartíðinda nr. 57/1948, þar sem stofnskráin er birt, og 4/1954, og C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1963, 21/1972 og 12/1987.

Tilkynnt verður um gildistöku gerðarinnar síðar.

Gerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Petta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 22. nóvember 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

GERÐ um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, er kom saman til 85. þings síns í Genf hinn 3. júní 1997 að kvaðningu stjórnarnefndar alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

hefur ákveðið að samþykka breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem er hluti af 7. máli á dagskrá þingsins, og

samþykkir hinn 19. júní 1997 eftirfarandi gerð um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem nefna má gerð um breytingu á stofnskrá Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, 1997:

1. gr.

Frá gildistökudegi þessarar gerðar um breytingu skal 19. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar breytt með því að bæta eftirfarandi nýrri málsgrein á eftir 8. mgr.:

„9. Samkvæmt tillögu stjórnarnefndarinnar getur allsherjarþing með 2/3 hlutum greiddra atkvæða viðstaddir þingfulltrúa fellt úr gildi sér-

INSTRUMENT for the Amendment of the Constitution of the International Labour Organisation

The General Conference of the International Labour Organisation,

Having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its Eighty-fifth Session on 3 June 1997, and

Having decided upon the adoption of an amendment to the Constitution of the International Labour Organisation, a question which is included in the seventh item on the agenda of the Session;

adopts, this nineteenth day of June of the year one thousand nine hundred and ninety-seven, the following instrument for the amendment of the Constitution of the International Labour Organisation, which may be cited as the Constitution of the International Labour Organisation Instrument of Amendment, 1997:

Article 1

As from the date of the coming into force of this Instrument of Amendment, article 19 of the Constitution of the International Labour Organisation shall be amended by the insertion after paragraph 8 of the following new paragraph:

“9. Acting on a proposal of the Governing Body, the Conference may, by a majority of two-thirds of the votes cast by the delegates present,

Nr. 20

22. nóvember 1999

hverja þá samþykkt sem samþykkt hefur verið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar ef í ljós kemur að samþykktin hefur engan tilgang lengur eða kemur ekki lengur að gagni við að ná markmiðum stofnunarinnar.“

2. gr.

Forseti allsherjarþingsins og aðalforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar skulu staðfesta tvö eintök þessarar gerðar um breytingu. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni alþjóðavinnumálaskrifstofunnar en hitt skal sent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til skráningar skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Aðalforstjórinn sendir staðfest afrit af gerðinni til allra aðildarríkja Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

3. gr.

1. Formlegar fullgildingar eða staðfestingar á þessari gerð um breytingu skulu sendar aðalforstjóra alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, en hann tilkynnir aðildarríkjum stofnunarinnar um móttöku þeirra.
2. Þessi gerð um breytingu öðlast gildi samkvæmt ákvæðum 36. gr. stofnskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.
3. Þegar þessi gerð öðlast gildi skal aðalforstjóri alþjóðavinnumálaskrifstofunnar tilkynna það öllum aðildarríkjum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

Framangreint er réttur texti gerðar þeirrar sem allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar samþykkti á 85. þingi sínu er fram fór í Genf og lauk 19. júní 1997.

abrogate any Convention adopted in accordance with the provisions of this article if it appears that the Convention has lost its purpose or that it no longer makes a useful contribution to attaining the objectives of the Organisation.“

Article 2

Two copies of this Instrument of Amendment shall be authenticated by the signatures of the President of the Conference and of the Director-General of the International Labour Office. One of these copies shall be deposited in the archives of the International Labour Office and the other shall be communicated to the Secretary-General of the United Nations for registration in accordance with article 102 of the Charter of the United Nations. The Director-General will communicate a certified copy of the Instrument to all the Members of the International Labour Organisation.

Article 3

1. The formal ratifications or acceptances of this Instrument of Amendment shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office, who shall notify the Members of the Organisation of the receipt thereof.
2. This Instrument of Amendment will come into force in accordance with the provisions of article 36 of the Constitution of the International Labour Organisation.
3. On the coming into force of this Instrument, the Director-General of the International Labour Office shall so notify all the Members of the International Labour Organisation and the Secretary-General of the United Nations.

The foregoing is the authentic text of the instrument duly adopted by the General Conference of the International Labour Organisation during its Eighty-fifth Session which was held at Geneva and declared closed the 19 June 1997.